



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skuldaeftirgjafir), 41. mál**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 41. Í frumvarpinu er lagt til að skattkerfið verði nýtt til að auka gagnsæi og flýta því að upplýsingar verði birtar um það hverjir hafi fengið skuldaeftirgjafir yfir 100 m.kr. og frá hverjum með birtingu í álagningarskrá og skattskrá. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að mikil tortryggni ríki í samfélaginu um starfsemi fjármálastofnana, afskriftir og niðurfærslu lána. Forsenda þess að dregið verði úr þessari tortryggni og vantrausti sé að meðferð fjármálastofnana á lánnum viðskiptavina verði gerð lýðræðisleg og gagnsæ.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að upplýsingaveita um þá sem þegið hafa skuldaeftirgjafir að fjárhæð 100 m.kr. eða meira og frá hverjum dugi skammt til að draga úr tortryggni og vantrausti á fjármálastofnanir. Takmarkaðar upplýsingar af þessu tagi geta þvert á móti aukið tortryggni. Forsendur og rökstuðningur eftirgjafar hljóta að skipta mestu máli og án upplýsinga um þær fá lesendur álagningarskrár og skattskrár ekki ráðið í hversu réttlætanager viðkomandi skuldaeftirgjafir eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins